

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023  
UST202203-073/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T0129 (nr. 10)**

Umhverfisstofnun barst þann 2. janúar 2023, þykktarmæling og segulssviðsskönnun á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0129 og eigendanúmerið 310.10.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Litla-Sandi, Hvalfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1963.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., í júlí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-MFL-GEYMIR-9-T0129-2022 frá HD ehf., að geymirinn sé ómálaður að hluta að innan og sé í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Fram kemur að gólf ásamt neðsta umfarinu sé tært að innan og á 7 stöðum mátti finna pytti þar sem efnisþykkt plötu var minni en 3mm. Settar voru viðgerðarplötur á gólf geymis og var það framkvæmt af viðgerðarteymi Olíudreifingar og/eða verktökum á þeirra snærum. Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
Teymisstjóri